

GYLLINÆÐ Á MEÐGÖNGU

Gyllinæð og óþægindi af henni er algengur kvilli á meðgöngu.

Rétt er að skoða konuna til að staðfesta greiningu og hafa í huga mismunagreiningar svo sem sprungur eða sveppasýkingu við endaparm.

MEÐFERÐ

Lyfjameðferð við gyllinæð er ekki alltaf nauðsynleg, þótt greining liggi fyrir, ef einkennin eru þolanleg. Sjaldan er þörf á lyfjum á fyrsta trimestri.

Mikilvægt er að gefa ráð til að koma í veg fyrir hægðatregðu og kælandi meðferð, t.d. ísbakstrar geta linað óþægindi. Notaða má gel og krem til að deyfa staðbundið, s.s. Xylocain.

Tvö lyf við gyllinæð eru fáanleg héraðs: Proctosedyl® (hydrocortison, cincocain og fleira) sem er lausasölu lyf og Doloproct® (lidocain og fluocortolon) sem er lyfseðilsskyt. Mælt er með Proctosedyl sem fyrsta lyfi og Doloproct í erfiðari tilvikum, því það er með sterkari stera en Proctosedyl. Sé Doloproct notað, ætti það að vera í stuttan tíma í einu svo síður verði vart aukaverkana (húðþynningar með kláða og viðbótaróþægindum).

Einstaka sinnum getur gyllinæð bólgað vegna blóðstorku. Þessu fylgja miklir verkir og þörf getur verið á minniháttar skurðaðgerð.

Gyllinæð veldur ekki sérstökum vandamálum í fæðingu og er því ekki ábending fyrir keisara.